

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun
um fjárlagafrumvarpið 2023

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 14. október 2022 lýsir yfir vonbrigðum með frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023. Fyrir liggur að Ísland leggur minna af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála en önnur Norðurlönd.

Hvað varðar liði um heilbrigðismál þá vantar fjármögnun raunverulegra breytinga eða nýjunga til þess að mæta þeim vandamálum sem heilbrigðisþjónustan á Íslandi stendur frammi fyrir nú og á næstu árum. Alvöru átak þarf til að mæta uppsöfnuðum vanda í kerfinu og þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir með hratt vaxandi fjölda aldraðra, en þeim fjölgar nú um 4% á ári. Ljóst er að það þarf að hugsa áherslur upp á nýtt. Breyta þarf mörgu, endurskipuleggja einingar og koma með nýjungar til þess að mæta brýnni þjónustuþörf. Ef haldið er áfram að óbreyttu er hætta á að þjónustan versni áfram og að tvöfalt heilbrigðiskerfi nái að þróast enn frekar.